

## **Borgarráð 9. janúar 2025: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um Kolaportið MSS25010074**

Er meirihlutinn í Reykjavík, borgarstjóri búinn að hafa samband við fyrri rekstraraðila og eiga við hann samtal um hvernig hægt er að leysa mál Kolaportsins? Í öllum deilumálum eru tvær hliðar. Einnig er óskað upplýsinga um hvort og þá hvað er búið að gera í samvinnu við fyrri rekstraraðila til að leysa og lenda þeirri fjárhagsstöðu sem Kolaportið er í? Hversu margir starfsmenn eru í því verkefni, hversu margir fundir hafa verið haldnir?

### **Greinargerð**

Reykjavíkurborg í aðgerðum sínum og ákvarðanatöku þarf að gæta þess að mati Flokks fólksins að tala við alla hlutaðeigendur í þessu máli sem öðrum málum. Allir þurfa að vera upplýstir og séu sviptingar af einhverju tagi í gangi þarf að tala saman. Það eru ítrekað að koma upp mál þar sem svo virðist sem Reykjavíkurborg loki á samskipti við fólk sem ýmist eru viðskiptavinir eða rekstraraðilar á borgartengdum einingum/fyrirtækjum. Flokkur fólksins hefur ítrekað heyrt fólk lýsa því að fá ekki fundi við skipulagsyfirvöld og/eða borgarstjóra, að það sé hunsað og á það sé lokað jafnvel í málum þar sem einmitt mikilvægt er að setjast niður og leita lausna sem eru hagkvæmastar hvort heldur fyrir borgina eða einstaklinga og fyrirtæki sem um ræðir eftir atvikum. Svo virðist sem borgin geri nokkuð að því að keyra mál í þrot og stefna þeim beint í dómstólaferli án þess að reyna aðrar leiðir. Vel gæti verið um að ræða mál sem hægt er að finna lausnir á og lenda í sátt og samkomulagi. Eitt af þessum málum sem hér er vísað til er málefni Kolaportsins. Fulltrúi Flokks fólksins hefur ofurtrú á "samtalinu" sem slíku og að gott samtal geti leitt til lausnar sem gagnast báðum aðilum.